

GAGNASTJÓRNUNARSAMNINGUR

á milli

Volvo Truck Corporation („Volvo“)
Skráningarnúmer: 556013-9700,
405 08 Gautaborg, Svíþjóð

og

Nafn viðskiptavinar (lögaðili):..... („Viðskiptavinurinn“)

Skráningarnúmer:

Heimilisfang:

Land:

Sími:

Netfang:

Með hliðsjón af því að Volvo veitir viðskiptavininum upplýsingaþjónustu af einhverjum toga (eins og skilgreint er hér á eftir), skal Volvo af eigin frumkvæði og fyrir hönd AB Volvo (alm. hlutafélag) og allra hlutdeildarféлага AB Volvo (alm. hlutafélag) og viðskiptavinurinn (saman nefndir „**aðilarnir**“ sammælast um eftirfarandi:

1. TILGANGUR ÞESSA SAMNINGS

Tilgangur þessa gagnastjórnunarsamnings („**samningsins**“) er sem hér segir:

- a. að skilgreina skilmálana sem liggja til grundvallar söfnun, notkun og deilingu Volvo á gögnum úr upplýsingakerfum (eins og skilgreint er hér á eftir),
- b. að tilgreina viðeigandi samningsákvæði samkvæmt 28. gr. almennu persónuverndarreglugerðar ESB 2016/679 (hér nefnd „**almenna persónuverndarreglugerðin**“) sem stjórna úrvinnslu Volvo á persónuupplýsingum (eins og skilgreint er í almennu persónuverndarreglugerðinni) fyrir hönd viðskiptavinarins og
- c. að skilgreina skilmálana sem eiga við um ákvæðið og uppsögn þjónustunnar sem veitt er viðskiptavininum varðandi öll ökutæki, sem fela í sér vinnslu á upplýsingum úr upplýsingakerfunum (eins og skilgreint er hér á eftir), þ.m.t. en ekki takmarkað við, VAS On Call, Dynafleet, Fuel Advice, Uptime Services, My Truck and I-See, auk notkunar Volvo Connect og svipaðra verkvanga, vefgátta og þjónustu („**stafrænar stöðvar**“), og allri þjónustu sem veitt er í gegnum stafrænu stöðvarnar (saman nefndar „**upplýsingaþjónustan**“).

2. UPPLÝSINGAKERFI

Viðskiptavinurinn gerir sér grein fyrir að öll Volvo ökutæki sem eru framleidd, afhent eða markaðssett af fyrirtæki innan Volvo Group eru búin einu eða fleiri kerfum sem kunna að safna saman upplýsingum og vista upplýsingar um ökutækið („**upplýsingakerfin**“), þ.m.t. en ekki takmarkað við, upplýsingar sem varða ástand og afköst ökutækisins og upplýsingar sem tengjast notkun ökutækisins (saman nefnd „**ökutækjagögnin**“). Viðskiptavinurinn samþykkir að raska ekki virkni upplýsingakerfanna á neinn hátt.

Óháð því hvort samningi þessum sé rift eða hann falli úr gildi, viðurkennir og samþykkir viðskiptavinurinn að Volvo sé heimilt að: (i) fá aðgang að upplýsingakerfunum hvenær sem er (þ.m.t. með fjaraðgangi), (ii) safna saman gögnum um ökutækið, (iii) vista ökutækjagögnin á kerfum Volvo Group, (iv) nota ökutækjagögnin til að veita viðskiptavininum þjónustu eða til eigin nota og í öðrum réttmætum viðskiptalegum tilgangi og (v) deila ökutækjagögnum innan Volvo Group og með tilteknum þriðju aðilum.

Viðskiptavinurinn skal ganga úr skugga um að öllum öikumönnum og öðrum aðilum sem viðskiptavinurinn veitir heimild til að stjórna ökutækinu: (i) sé kunnugt um að Volvo kann að

safna saman, vista, nota, deila eða vinna á annan hátt úr persónuupplýsingum þeirra og (ii) sé vísað á eða útvegað afrit af viðeigandi persónuverndaryfirlýsingu Volvo Group (yfirlýsinguna má nálgast á <https://www.volvogroup.com/en-en/privacy.html>).

Viðskiptavinurinn samþykkir að afhenda Volvo skriflega tilkynningu ef hann selur ökutækið eða á annan hátt flytur eignarhald sitt á því til þriðja aðila.

3. **GAGNAVERND OG GAGNAVINNSLA**

Þegar upplýsingaþjónustan er veitt, annað hvort á beinan hátt eða af viðurkenndum söluaðilum, eða þegar Volvo eða einhver af viðurkenndum samstarfsaðilum þess eða þriðji aðili sem veita þjónustu á borð við viðgerðarþjónustu, viðhaldsþjónustu eða aðra þjónustu (hvort sem slíkt fellur undir ábyrgð eða ekki) kann Volvo að vinna úr persónuupplýsingum samkvæmt skilgreiningu almennu persónuverndarreglugerðarinnar („**persónuupplýsingar**“) fyrir hönd viðskiptavinarins, hlutdeildarféлага eða fulltrúa hans. Hvað alla slíka úrvinnslu toga varðar samþykkja aðilarnir að viðskiptavinurinn sé „ábyrgðaraðili“ og Volvo gegni hlutverki „vinnsluaðila“ viðskiptavinarins, líkt og kemur fram almennu persónuverndarreglugerðinni. Í VIÐAUKI 1 í þessum samningi (*Ákvæði varðandi vinnslu persónuupplýsinga*) eru skilmálar sem varða slíka úrvinnslu persónuupplýsinga skilgreindir nánar og gilda í hvert sinn sem Volvo vinnur úr persónuupplýsingum fyrir hönd viðskiptavinarins.

Viðskiptavinurinn samþykkir að hlíta öllum gildandi gagnaverndarlögum, þ.m.t. en ekki takmarkað við, allar skyldur varðandi lagagrundvöll til úrvinnslu persónuupplýsinga og upplýsingagjafar til skráðra einstaklinga samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni, sem og svipaðar skyldur samkvæmt gildandi lögum í öðrum lögsagnarumdæmum. Að því marki sem lög leyfa skal viðskiptavinurinn tryggja Volvo, fulltrúum þess og umboðsmönnum, og hverjum þeim þriðja aðila sem starfa fyrir hönd Volvo, vernd varðandi hvers kyns skaða sem stafar beint eða óbeint af vanefndum viðskiptavinarins gagnvart gildandi gagnaverndarlögum.

4. **ÞJÓNUSTUSKILMÁLAR**

Volvo skal sjá viðskiptavininum fyrir upplýsingaþjónustunni sem viðskiptavinurinn hefur beðið um, eða sem Volvo hefur boðið viðskiptavininum og viðskiptavinurinn hefur samþykkt að taka við, eða sem viðskiptavinurinn hefur skráð sig fyrir eða á annan hátt gerst áskrifandi að í gegnum stafrænu stöðvarnar, hvort sem er gegn greiðslu eða ekki.

Sérstakir skilmálar kunna að gilda um ákvæðið varðandi upplýsingaþjónustuna auk þeirra skilmála sem koma fram í þessum samningi, t.d. er varða verð og greiðslu, skilmála og lengd áskriftar. Í tilvikum þar sem skilmálar þessa samnings stangast á við slíka sérstaka skilmála skulu slíkir sérstakir skilmálar hafa forgang og gilda í stað skilmálana í þessum samningi sem stangast á, en öll önnur ákvæði þessa samnings skulu halda gildi sínu.

Viðskiptavinurinn skal hvorki dreifa, endurflytja, afrita, birta, breyta, bæta, vendismíða, bakþýða né breyta upplýsingakerfunum á nokkurn annan hátt.

Volvo kann að breyta, uppfæra, skipta um eða skipta út allri upplýsingaþjónustunni eða hluta hennar án fyrirvara sem hluta af viðleitni fyrirtækisins til að bæta stöðugt upplýsingakerfið, eða ef slíks er krafist til þess að uppfylla allar gildandi öryggiskröfur, lögboðnar kröfur eða kröfur samkvæmt reglum, eða til að bjóða upp á aukid notagildi sem hefur ekki efnisleg áhrif á gæði eða afkastagetu upplýsingaþjónustunnar eða ökutækisins.

Réttur viðskiptavinarins til að nota upplýsingakerfin er með háður framboði upplýsingakerfanna með tilliti til tækni og reglusetningar. Tæknilegt framboð upplýsingakerfanna er háð framboði þjónustusvæðis í gegnum síma og gervihnött og kann að verða fyrir truflunum vegna staðbundinna tálma (þ.m.t. en ekki takmarkað við brýr, mannvirki og aðra ápreifanlega tálma), loftskilyrða eða staðfræðilegra skilyrða og tæknilegra takmarkana (þ.m.t. en ekki takmarkað við innbyggðar villur í GPS-kerfi af hvaða toga sem er).

Volvo afsalar sér allri ábyrgð og skaðabótaábyrgð varðandi öryggi fjarskiptakerfa, þráðlausra kerfa eða annarra kerfa sem notuð eru til sendingar á ökutækjagögnum og öðrum upplýsingum.

Hugsanlegt er að upplýsingakerfi séu ekki tiltæk þegar viðhaldsvinna stendur yfir. Frekari upplýsingar um fyrirhugað viðhald verða birtar í stafrænu stöðvunum þegar því er við komið eða sendar með öðrum hætti til viðskiptavinarins. Volvo leitar allra leiða til að koma í veg fyrir að röskun verði á framboði upplýsingakerfanna.

Viðskiptavinurinn skal á öllum stundum fylgja notendaleiðbeiningum og handbókum Volvo sem eiga við um hvert ökutæki fyrir sig.

Viðskiptavinurinn samþykkir að upplýsingakerfin séu hugsanlega ekki tiltæk í öllum löndum.

Volvo kann að loka fyrir aðgang viðskiptavinarins að upplýsingaþjónustunni eða nota upplýsingakerfið til að staðsetja skráð ökutæki ef Volvo hefur rökstudda ástæðu til að telja að viðskiptavinurinn sjái ekki um rekstur ökutækisins sem löglegur eigandi, eða á annan hátt í samræmi við gildandi lög eða skilmála þessa samnings eða annarra samninga á milli viðskiptavinarins og Volvo Group samstæðunnar.

5. **STÖÐVUN UPPLÝSINGARKERFANNA**

Þegar skrifleg beiðni berst frá viðskiptavininum skal Volvo stöðva fjaraðgang sinn að upplýsingakerfum allra tilgreindra ökutækja með vísan í verksmiðjunúmer ökutækisins („VIN“), á kostnað viðskiptavinarins án ástæðulausrar tafar („**tenging rofin við ökutæki**“). Að því marki sem rof tengingar ökutækis verður að eiga sér stað á viðurkenndu verkstæði Volvo ber viðskiptavinurinn ábyrgð á því að koma með tilgreint ökutæki á slíkt verkstæði til að rjúfa tenginguna.

Til að taka af allan vafa skal rof tengingar ökutækisins ekki koma í veg fyrir (i) fjaraðgang að upplýsingakerfunum ef slíks er krafist samkvæmt gildandi lögum, eða (ii) aðgang að upplýsingakerfunum í gegnum tengitæki, þ.m.t. en ekki takmarkað við TechTool, til viðgerða og viðhaldsvinnu eða vinnu sem fellur undir ábyrgðina eða (iii) aðgang ef slíks er krafist samkvæmt gildandi lögum.

Viðskiptavinurinn samþykkir að rof tengingar ökutækisins hefur í för með sér að Volvo verði ekki kleift að veita upplýsingaþjónustu af hvaða toga sem er fyrir ökutækið sem er aftengt. Viðskiptavinurinn viðurkennir og samþykkir enn fremur að aftenging ökutækisins riftir sjálfkrafa öllum þjónustusamningnum sem viðskiptavinurinn og aðrir aðilar innan Volvo Group hafa gert sín á milli, án skaðabótaábyrgðar fyrir aðra aðila innan Volvo Group varðandi upplýsingaþjónustu fyrir ökutækið sem verður aftengt.

Þegar skrifleg beiðni berst frá viðskiptavininum skal Volvo koma aftur á fjaraðgangi sínum að upplýsingakerfum tilgreinds ökutækis, með vísan í skráningarnúmer ökutækisins, á kostnað viðskiptavinarins („**ökutækið virkjað að nýju**“). Nema Volvo sé fært að endurvirkja tækisins í gegnum fjaraðgang, verður endurvirkjun allra ökutækja að fara fram á viðurkenndu verkstæði Volvo og viðskiptavinurinn ber ábyrgð á því að koma með viðkomandi ökutæki á slíkt verkstæði til endurvirkjunar. Í tilvikum þegar ökutæki er virkjað að nýju skulu ákvæði þessa samnings og allra annarra þjónustusamninga eiga við um veitingu upplýsingaþjónustu af öllum toga fyrir umrætt ökutæki.

6. **TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**

Nema kveðið sé á um annað í sérstökum skilmálum varðandi veitingu upplýsingaþjónustu skal heildarhámarksábyrgð Volvo samkvæmt þessum samningi, vegna krafna sem koma til á hverjum ársfjórðungi (hvort heldur slíkt er að finna í samningi, utan samninga, vegna vanrækslu, stofnsamþykktar, endurheimtar eða annars), ekki vera meiri en 100% af þeirri fjárhæð sem greidd er samkvæmt samningnum á þeim ársfjórðungi sem krafan kom til á.

Volvo skal ekki bera bótaábyrgð (hvort heldur slíkt er að finna í samningi, utan samninga, vegna vanrækslu, stofnsamþykktar eða annars) vegna neins hagnaðartaps, rekstrartaps, sóunar á stjórnunartíma eða kostnaðar við endurheimt gagna, hvort sem slíkt tap kemur til beint eða óbeint og hvort sem Volvo gerði sér ljóst að möguleiki væri á því eða ekki né vegna neins afleids eða óbeins tjóns.

Volvo skal ekki vera bótaskyld vegna neins tjóns af neinu tagi sem til er komið vegna aðgerða eða aðgerðaleysis viðskiptavinarins, þ.m.t. en ekki takmarkað við vanefndir viðskiptavinarins á gagnaverndarlögum.

Volvo skal ekki vera bótaskyld vegna neins tjóns af neinu tagi sem til er komið vegna bilunar eða stöðvana á almennum boðskiptabúnaði sem útvegum á upplýsingaþjónustunni kann að vera háð.

Viðskiptavininum er eftirfarandi ljóst og hann samþykkir eftirfarandi: (i) engin samningsbundin tengsl eru á milli viðskiptavinarins og undirliggjandi þjónustuaðila farsímabjónustu og þráðlausrar þjónustu sem notuð er við sendingu gagna og upplýsinga, (ii) viðskiptavinurinn nýtur engra réttinda sem þriðji aðili að nokkrum samningi á milli Volvo eða hlutdeildarféлага þess og undirliggjandi þjónustuaðila, (iii) undirliggjandi þjónustuaðili ber enga bótaábyrgð af neinu tagi gagnvart viðskiptavininum, hvort sem slíkt er vegna brots á samningi, ábyrgðar, gáleysis, strangrar skaðabótaskyldu eða af öðrum sökum, (iv) skilaboð og aðrar upplýsingar eða gögn geta tafist, verið eytt eða ekki afhent og (v) undirliggjandi þjónustuaðili getur ekki ábyrgst öryggi þráðlausra sendinga og er ekki bótaskyldur vegna skorts á öryggi af nokkrum toga að því er varðar notkun þjónustunnar.

7. **ÁBYRGÐIR:**

Viðskiptavinurinn ábyrgist gagnvart Volvo að hann hafi og muni hafa á öllum stundum öll nauðsynleg samþykki, allar nauðsynlegar heimildir, leyfi og rekstarleyfi á meðan samningur þessi er í gildi til að tryggja að notkun viðskiptavinarins á upplýsingaþjónustunni, upplýsingakerfunum og stafrænu stöðvunum sé samkvæmt öllum gildandi lögum og reglugerðum.

Lögbundin réttindi eða ábyrgðarréttindi framleiðanda takmarkast við veitt réttindi í tengslum við sértæka upplýsingaþjónustu sem viðskiptavinurinn kaupir sérstaklega. Slík ábyrgðarréttindi gilda ekki um upplýsingaþjónustu af öðrum toga og/eða rekstrarhæfi upplýsingakerfanna.

Volvo undanskilur hér með, að því marki sem gildandi lög frekast leyfa, öll skilyrði, ábyrgðir og ákvæði, bein (önnur en þau sem sett eru fram í samningnum) eða óbein, lögboðin, venjubundin eða með öðrum hætti, sem myndu, ef ekki væri um slíka útilokun að ræða, eða gætu verið til staðar í þágu viðskiptavinarins.

8. **ALMENNT**

Um leið og viðskiptavinurinn undirritar þennan samning, eða um leið og hann hleður niður, opnar, setur upp eða notar á annan hátt upplýsingaþjónustuna, viðurkennir hann eftirfarandi: (a) að viðskiptavinurinn hafi lesið og skilið samninginn, (b) að viðskiptavinurinn hafi allar nauðsynlegar heimildir til að undirrita samninginn (þ.m.t. þegar aðillinn undirritar samninginn fyrir hönd annarra fyrirtækja innan samstæðunnar) og veita Volvo Group heimild til að grípa til aðgerðanna sem tilgreindar eru í samningnum og (c) viðskiptavinurinn samþykkir að gangast við skilmálunum, með áorðnum breytingum öðru hvoru, í stað fyrri samninga um gagnaflutningsþjónustu eða gagnastjórnunarsamnings á milli Volvo og viðskiptavinarins.

Volvo kann að breyta skilmálum þessa gagnastjórnunarsamnings með því að birta nýja útgáfu á: <http://tsadp.volvotrucks.com/>. Viðskiptavinurinn telst hafa samþykkt nýju skilmálana ef hann hefur haldið áfram að nota upplýsingaþjónustuna þremur (3) mánuðum eftir að slíkir nýir skilmálar voru birtir.

Gerð, tilvist, uppbygging, framkvæmd, gildi og allir aðrir þættir samningsins eða skilmálar samningsins falla undir sænsk lög, að undanskildum sænskum lögum um lagaskil og að undanskildum reglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja (UN-CISG), nema og að því marki sem önnur lög eru ófrávíkjanlega í gildi.

Sænskir dómstólar, þar sem héraðsdómstóll Gautaborgar (*Göteborg's tingsrätt*) er fyrsta dómstig, hafa óskorað lögsagnarumdæmi til að setja niður deilumál sem upp kunna að koma vegna eða í tengslum við þennan samning. Aðilar samþykkja að hlíta því lögsagnarumdæmi.

Ef eitthvert skilyrði eða hluti samningsins er dæmdur ólöglegur, ógildur eða óframkvæmanlegur af dómstóli, rétti, stjórnslustofnun eða stjórnvaldi lögbærs lögsagnarumdæmis skal það ákvæði, að því marki sem þörf krefur, tekið út úr samningnum og missa gildi sitt, án þess, að því marki sem mögulegt er, að breyta neinum öðrum ákvæðum þessa samnings, sem skulu halda fullu gildi.

VOLVO skal hafa heimild til að flytja þennan samning hvenær sem er til annars aðila innan Volvo Group. Viðskiptavinurinn skal samþykkja slíka yfirtöku samnings og leysa Volvo undan þessum samningi án frekari krafna.

EF ÞÚ FELLST EKKI Á SKILMÁLA ÞESSA SAMNINGS (EÐA BREYTINGAR AF EINHVERJUM TOGA Á ÞESSUM SAMNINGI) SKALTU EKKI UNDIRRITA ÞETTA SKJAL, NÉ HLAÐA NIÐUR, OPNA, SETJA UPP EÐA NOTA UPPLÝSINGAÞJÓNUSTUNA Á NOKKURN ANNAN HÁTT.

VIÐSKIPTAVINUR:

}}

(undirskrift)

Dagsetning, staður:

Nafn:

Titill:

VOLVO:

VIÐAUKI 1

ÁKVÆÐI VARÐANDI VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

HLUTI A

ALMENN ÁKVÆÐI VARÐANDI VINNSLU VOLVO Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM

1. VOLVO SEM VINNSLUAÐILI

- 1.1 Í þessum VIÐAUKI 1 (*Ákvæði varðandi vinnslu persónuupplýsinga*) skulu hugtökin „ábyrgðaraðili gagna“, „vinnsluaðili“, „eftirlitsyfirvald“, „persónuupplýsingar“ og „skráður einstaklingur“ hafa sömu merkingu og í almennu persónuverndarreglugerðinni.
- 1.2 HLUÐI B af þessum VIÐAUKI 1 (*Ákvæði varðandi vinnslu persónuupplýsinga*) lýsir frekar persónuupplýsingunum sem Volvo vinnur úr samkvæmt þessum samningi eins og krafist er skv. 3. mgr. 28. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Til að taka af allan vafa stofnar hluti B ekki til skyldu eða réttinda af nokkrum toga fyrir samningsaðila.
- 1.3 Aðilarnir samþykkja að þegar Volvo vinnur úr persónuupplýsingum fyrir hönd viðskiptavinarins á meðan viðskiptavininum er veitt upplýsingaþjónustan skal viðskiptavinurinn vera ábyrgðaraðili gagna og Volvo skal vera vinnsluaðili slíkra persónuupplýsinga og eftirfarandi ákvæði skulu gilda við slíkar aðstæður.
- (a) Volvo skal einungis vinna úr persónuupplýsingum í samræmi við skriflegar leiðbeiningar viðskiptavinarins, nema gildandi lög sem eiga við um Volvo kveði á um annað, en í slíkum tilvikum skal Volvo tilkynna viðskiptavininum um slík lagaskilyrði áður en úrvinnsla fer fram, að því undanskildu að viðeigandi gildandi lög banni slíka upplýsingagjöf. Volvo skal senda viðskiptavininum tilkynningu án tafar ef fyrirtækið telur að það gæti brotið í bága við gildandi lög um gagnavernd að fara að móteknum fyrirmælum.
- (b) Fyrir utan sjálfvirk þjónustuákvæði eru sérstök skrifleg fyrirmæli frá viðskiptavini eingöngu heimil í undantekningartilvikum og eingöngu í samræmi við skilmála þessa samnings.
- (c) Viðskiptavinurinn getur notað stafrænu stöðvarnar til að breyta og eyða persónuupplýsingum eða til að loka fyrir persónuupplýsingar. Viðskiptavinurinn skal þar af leiðandi leita allra leiða til að nota slíkar stafrænar stöðvar áður en hann hefur samband við Volvo og leggur fram beiðni um að leiðrétta og eyða persónuupplýsingum eða loka fyrir persónuupplýsingar. Viðskiptavinurinn viðurkennir og samþykkir enn fremur að Volvo sé heimilt að gegna hlutverki ábyrgðaraðila gagna hvað persónuupplýsingar varðar og kann þar af leiðandi í slíkum tilvikum að halda eftir öllum slíkum persónuupplýsingum sem ábyrgðaraðili gagna óháð beiðni af hvaða toga frá viðskiptavininum um að eyða persónuupplýsingum í vörslu Volvo í hlutverki sínu sem vinnsluaðili.
- (d) Viðskiptavinurinn heimilar Volvo að ráða til sín aðra vinnsluaðila, þ.m.t. alla aðila innan Volvo Group, til að sjá um tiltekna úrvinnsluaðgerðir fyrir hönd viðskiptavinarins (hver þeirra gegnir hlutverki „**undirvinnsluaðila**“), að því gefnu að Volvo geri viðeigandi ráðstafanir við gagnavernd hjá hverjum undirvinnsluaðila fyrir sig til að uppfylla kröfur 3. mgr. 28. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Volvo skal senda viðskiptavininum tilkynningu án mikilla tafa, þ.m.t. en ekki takmarkað við að birta uppfærðan lista yfir undirvinnsluaðila á vefsvæði í tilvikum þegar breytingar verða á undirvinnsluaðilum fyrirtækisins og gefa viðskiptavininum tækifæri til að andmæla slíkum breytingum. Viðskiptavinurinn samþykkir að í sérstökum tilvikum þegar viðskiptavinurinn andmælir slíkum breytingum getur slíkt haft í för með sér að Volvo verði ekki kleift að veita tiltekna upplýsingaþjónustu eða upplýsingaþjónustuna yfirhöfuð. Viðskiptavinurinn viðurkennir og samþykkir enn

fremur að ef viðskiptavinurinn andmælir slíkum breytingum kunni Volvo að rifta sjálfkrafa öllum þjónustusamningum sem viðskiptavinurinn og hvaða aðili innan Volvo Group hafa gert sín á milli, án skaðabótaábyrgðar af hálfu umrædds aðila innan Volvo Group hvað upplýsingaþjónustuna varðar.

- (e) Viðskiptavinurinn veitir hér með Volvo umboð einungis í þeim tilgangi að gangast undir stöðluð samningsákvæði (ábyrgðaraðila) samkvæmt ákvörðun 2010/87/EB, eða gera annan samning af hvaða toga sem er við undirvinnsluaðila eins og krafist er samkvæmt lögum til vinnslu persónuupplýsinga fyrir hönd viðskiptavinarins og við undirvinnsluaðila af hvaða toga utan Evrópska efnahagssvæðisins, í því skyni að auðvelda flutning persónuupplýsinga samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni og viðskiptavinurinn samþykkir enn fremur að hver slíkur undirvinnsluaðili kunni að gera samninga við aðra undirvinnsluaðila.
- (f) Viðskiptavinurinn samþykkir að Volvo sé heimilt að flytja persónuupplýsingar til hvaða lands sem er, þ.m.t. landa utan Evrópska efnahagssvæðisins. Við slíkar aðstæður skulu aðilar grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að slíkur flutningur sé samkvæmt gildandi gagnaverndarlögum, sem kann að fela í sér að setja slíkt í stöðluð samningsákvæði.
- (g) Ekkert í samningnum skal koma í veg fyrir né takmarka getu Volvo til að vinna úr persónuupplýsingum sem ábyrgðaraðili, jafnvel varðandi persónuupplýsingar sem Volvo kann að vinna úr fyrir hönd viðskiptavinarins sem úrvinnsluaðili.

2. FREKARI SKYLDUR VIÐSKIPTAVINAR

- 2.1 Viðskiptavinurinn er lagalega ábyrgur fyrir mati á lögmæti söfnunar, vinnslu og notkunar persónuupplýsinga sem og fyrir verndarráðstöfunum vegna réttinda tengdra þriðju aðila og að því er varðar kröfur frá slíkum þriðju aðilum og viðskiptavinurinn skal tryggja að vinnsla allra persónuupplýsinga sem vistaðar eru í upplýsingakerfinu fari fram á lögbundinn hátt.
- 2.2 Viðskiptavinurinn skal tilkynna Volvo umsvifalaust og veita Volvo viðeigandi leiðbeiningar ef í ljós kemur að villur eða frávik verða í úrvinnslu Volvo á persónuupplýsingum samkvæmt þessum samningi.

3. FREKARI SKYLDUR VOLVO

- 3.1 Þegar brot verður á gagnaöryggi sem hefur áhrif á persónuupplýsingar sem Volvo vinnur úr fyrir hönd viðskiptavinarins samkvæmt þessum samningi skal Volvo án ástæðulausra tafa senda viðskiptavininum tilkynningu innan 72 klukkustunda eftir að Volvo komst að slíku, þegar því er við komið.
- 3.2 Volvo skal tryggja að allt starfsfólk (þ.m.t. starfsfólk undirvinnsluaðila Volvo sem eiga hlut að úrvinnslu persónuupplýsinga samkvæmt þessum samningi) sé bundið lögbundinni trúnaðarskyldu.
- 3.3 Að teknu tilliti til eðlis vinnslunnar skal Volvo aðstoða viðskiptavininn og grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana, að því marki sem hægt er, til að aðstoða viðskiptavininn til að uppfylla skyldur sínar sem ábyrgðaraðili við að svara beiðnum þess efnis að skráðir einstaklingar fái neytt réttar síns samkvæmt gildandi gagnaverndarlögum.
- 3.4 Volvo skal eiga samstarf við viðskiptavininn og grípa til hóflegra viðskiptalegra aðgerða samkvæmt leiðbeiningum viðskiptavinarins til að aðstoða við rannsókn, mildun og leiðréttingu allra öryggisbrota er varða persónuupplýsingar, þ.m.t. er varðar tilkynningar af öllum toga til viðeigandi eftirlitsyfirvalds eða skráðra einstaklinga.
- 3.5 Volvo skal á kostnað viðskiptavinarins veita sanngjarna aðstoð samkvæmt sanngjörnum óskum viðskiptavinarins hvað varðar mat á áhrifum gagnaverndar og fyrri ráðaleita við eftirlitsyfirvöld sem viðskiptavinurinn telur á sanngjarnan hátt sé krafist samkvæmt 35. eða 36. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar, þó í hverju tilviki fyrir sig einungis varðandi úrvinnslu persónuupplýsinga samkvæmt þessum samningi og miðað við eðli vinnslunnar og upplýsinganna sem Volvo hefur aðgang að.

- 3.6 Viðskiptavinurinn getur, að hámarki einu sinni á almanaksári með skriflegri tilkynningu viðskiptavinarins, með eigi minna en þrjátíu (30) daga fyrirvara, sjálfur gert úttekt eða skipað til þess óháðan úttektaraðila á venjulegum opnunartíma Volvo (að því tilskildu að viðskiptavinurinn eða óháði úttektaraðilinn geri trúnaðarsamning við Volvo) til að meta reglufylgni Volvo við þennan VIÐAUKI 1 (*Ákvæði varðandi vinnslu persónuupplýsinga*). Kostnaður vegna úttektar samkvæmt þessari efnisgrein 3.6 skal falla á viðskiptavininn. Umfang, framkvæmd og lengd úttektarinnar skal takmarkast við það sem telst nauðsynlegt til að hún þjóni tilgangi sínum og trufla starfsemi Volvo ekki meira en þörf krefur.
- 3.7 Volvo mun ekki birta neinar persónuupplýsingar sem fyrirtækið vinnur með sem úrvinnsluaðili fyrir hönd viðskiptavinarins í tengslum við beiðni þriðju aðila um upplýsingar, nema að fengnu leyfi viðskiptavinarins, að því undanskildu að Volvo sé skylt að gera slíkt samkvæmt lögum eða skipun dómstóla eða lögbærs yfirvalds.
- 3.8 Volvo skal þegar í stað eftir uppsögn þessa samnings eða eftir að hann fellur úr gildi eða að öðru leyti samkvæmt beiðni viðskiptavinarins, skila viðskiptavininum öllum persónuupplýsingum eða eyða öllum persónuupplýsingum, þ.m.t. öllum afritum af slíkum upplýsingum á hvaða miðli sem fyrirtækið ræður yfir, hefur í eigu sinni eða stjórnar, nema að því leyti sem Volvo ber skylda samkvæmt gildandi lögum að halda eftir slíkum persónuupplýsingum eða ef Volvo geymir slíkar persónuupplýsingar í hlutverki sínu sem ábyrgðaraðili gagna.

4. **GAGNAÖRYGGI**

Volvo skal tryggja viðeigandi gagnaöryggi með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum til að verja persónuupplýsingarnar sem unnið er úr fyrir hönd viðskiptavinarins og Volvo samþykkir að slíkar ráðstafanir samræmist kröfum gildandi laga. Volvo kann að breyta tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum til að tryggja öryggi gagna í takt við tækniframfarir og þróun, að því tilskildu að það leiði ekki til skerðingar á öryggi.

HLUTI B NÁANAR UM VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

Þessi HLUTI B við viðauka 1 felur í sér frekari upplýsingar af tiltekinni gerð er varða úrvinnslu persónuupplýsinga samkvæmt 28(3). gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

Efni og tímalengd úrvinnslu persónuupplýsinga

Um efni og tímalengd vinnslu persónuupplýsinga er fjallað í samningnum.

Eðli og tilgangur vinnslu persónuupplýsinga

Um eðli og tilgang vinnslu persónuupplýsinga er fjallað í samningnum.

Flokkar gagna sem persónuupplýsingarnar heyra undir

- Starfsmenn og verktakar viðskiptavinarins.

Tegundir persónuupplýsinga sem á að vinna

Að því leyti sem slíkar upplýsingar teljast vera persónuupplýsingar samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni er heimilt að vinna úr eftirfarandi persónuupplýsingum samkvæmt þessum samningi (með áorðnum breytingum eða uppfærslum á persónuverndaryfirlýsingum að hálfu Volvo Group ef svo ber undir, sem eru tiltækar á <https://www.volvogroup.com/en-en/privacy.html>):

- Gögn um aksturslag ökumanns og afkastagetu, eins og akstursmynstur, staðsetningargögn í rauntíma, tungumálastillingar mælaborðsins,
- Verksmiðjunúmer ökutækis, eins og auðkenni ökutækis (þ. á m. verksmiðjunúmer ökutækis (VIN) og auðkenni grindar), IP-tala, MAC-vistfang,
- Afkastagögn ökutækisins, eins og tæknileg gögn ökutækisins, upplýsingar frá íhlutum ökutækisins, notkun rafgeymis, vélargögn, eldsneytisnotkun, gögn um aflgetu/snúningsátak, bilanakóðar,
- Gögn um notkun ökutækisins, eins og hemlanotkun, gírskiptignar, hröðun/hraðaminnkun, stillingar mælaborðsins, notkun aflgetu/snúningsátaks, tæknileg gögn frá aflvélinni, greiningargögn varðandi ástand vega og umhverfisskilyrði ásamt tímastimplum og vinnustundum og
- Gögn um umhverfi eins og akstursaðstæður, umhverfisskilyrði.

Skyldur og réttindi viðskiptavinarins

Skyldur og réttindi viðskiptavinarins eru skilgreind í samningnum.